

Laugardaginn 16. október 1954.

Nr. 4/1954.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkamanna-
félagsins Dagsbrúnar**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Félagi ísl. iðnrekenda vegna Áburðarverk-
smiðjunnar h. f.**

(Páll S. Pálsson hdl.).

**Varadómari Eyjólfur Jónsson í
stað Helga Hannessonar, og hrl.
Sveinbjörn Jónsson, nefndur af
stefnda samkv. 39. gr. laga nr.
80/1938 í stað hrl. Einars B. Guð-
mundssonar.**

Kjarasamningar. Bráðabirgðauppkast að samkomulagi um aukagreiðslur fyrir vaktavinnu eigi talið jafngilda kjarasamningi samkvæmt 6. gr. laga nr. 80/1938.

Dómur:

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 7. þ. m. af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkamannafélagsins Dagsbrúnar gegn Félagi ísl. iðnrekenda vegna Áburðarverksmiðjunnar h.f.

Málavextir eru þessir:

Vorið 1952 var hafizt handa um byggingu áburðarverksmiðju í Gufunesi við Reykjavík og hlaut fyrirtæki þetta, sem varð hlutafélag, nafnið Áburðarverksmiðjan h.f. Flestir þeirra verkamanna, sem unnu að byggingu verksmiðjunnar, munu hafa verið félagsmenn í Verkamannafélaginu Dagsbrún. Ekki var þó í fyrstu gerður kjarasamningur milli verksmiðjunnar og Dagsbrúnar, en farið var í meginatriðum eftir kjarasamningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands. En hinn 7. febrúar 1953 voru gerðir tveir kjarasamningar milli Áburðarverksmiðjunnar h.f. og Dagsbrúnar um kaup og kjör tímakaups- og mánaðarkaupsmanna og vaktavinnu. Eru þeir að öllu leyti í formi venjulegra kjarasamninga og var uppsagnarfrestur og gildistími,

er var hinn sami, tilgreindur í þeim háðum. Þennan sama dag undirrituðu aðiljar einnig yfirlýsingu varðandi matartíma og laugardagsvinnu. Þessir samningar skyldu gilda til 1. júní 1953 og voru uppsegjanlegir með eins mánaðar fyrirvara, en skyldu framlengjast um sex mánuði í senn, ef þeim var ekki sagt upp. Sama dag undirrituðu aðiljar enn yfirlýsingu um það, að ef breytingar yrðu á kjarasamningi Dagsbrúnar og Vinnuveitendasambands Íslands, skyldu þær breytingar lagðar til grundvallar endurskoðun á samningum málsaðilja, ef annarhvor aðili óskaði þess, og gæti sliki endurskoðun farið fram hvenær sem væri á samnings-tímabilinu.

Í nóvembermánuði 1953 mun bygging áburðarverksmiðjunnar hafa verið það vel á veg komin, að tekið var að reyna kerfi hennar og vélar. Þurfti þá að taka upp nokkuð aðra starfshætti, eða vaktaskiptavinnu, þar sem verksmiðjan var í gangi nótt og dag, virka daga sem helga. Samkomulag varð milli verksmiðjunnar annars vegar og Dagsbrúnar og fleiri verklýðsfélaga hins vegar um kaupuppbót vegna vaktaskiptavinnunnar við þessa prófun á verksmiðjunni, en hún var mestmegnis framkvæmd af félögum í Dagsbrún. Samkomulag þetta liggur ekki fyrir í málinu og virðist aðeins hafa verið munnlegt. Um þessar mundir hefjast viðræður milli Áburðarverksmiðjunnar h.f. og verklýðsfélaganna um kjör starfsmanna við verksmiðjuna miðað við rekstur hennar, þegar hún hæfi framleiðslu sína. Ræddust fulltrúar nefndra aðilja oft við um mál þessi á tímabilinu frá því í nóvember f. á. til miðs marzmánaðar s.l. Lögðu fulltrúar verklýðsfélaganna fram sínar tillögur um vaktavinnu o. fl. á fundi 19. janúar s.l. og verksmiðjan mun hafa lagt fram tillögur af sinni hálfu 5. febrúar þ. á. Þessar samningatilaunir leiddu þó ekki til neinna samninga, en þeir félagsmenn Dagsbrúnar, sem unnu í vaktaskiptavinnunni, fengu laun sín greidd samkvæmt samkomulagi því, er komst á í nóvember 1953 og áður var getið. Í febrúarmánuði virðist hafa orðið einhver ágreiningur um þetta samkomulag. Og á samningafundi 16. febrúar virðist niðurstaðan hafa orðið sú, að gera á því einhverjar breyt-

ingar. Á fundi þessum var staddur fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, Barði Friðriksson, en hann mun yfirleitt hafa verið á samningafundum. Ritaði hann niður á fundinum svohljóðandi plagg:

„Bráðabirgðasamkomulag.

Það hefur orðið að samkomulagi milli Áburðarverksmiðjunnar h.f. annars vegar og Verkamannafél. Dagsbrún, Fél. járníðnaðarmanna og Félags ísl. rafvirkja hins vegar, að fyrir hverja 8 stunda vakt, þegar unnið er á þrískiptum vöktum, skuli greiða 8 st. með dagvinnulaunum og 2½ — tveggja og hálfis st. — eftirvinnukaupi á unnum rúmhelgum dögum.

Fyrir þrjár 8 stunda vaktir á sunnudögum greiðist hver vakt með 10 st. helgidagakaupi. Fyrir hverja unna klst. umfram 8 stunda vakt greiðist helgidagakaup.

Reykjavík, 16. febr. 1954.

Samkomulag þetta las ég upp kl. 8.30 e. h. og játuðu allir viðstaddir, E.S., P.P., G.S., Ó.H., S.J., af hálfu verkalfél., og H.F., J.J., B.S. og B.F., að það væri efnislega rétt og voru því samþykkir.

D.u.s.

Barði Friðriksson.“

Eins og að framan greinir, héldu samningaumleitarnir áfram eftir þetta til 10. marz, en þá mun hafa slitnað upp úr þeim, enda þótt fulltrúar verklyðsfélaganna vildu halda þeim áfram. Áburðarverksmiðjan mun hins vegar hafa talið, að svo mikið bæri á milli, að frekari umræður gætu ekki leitt til samninga.

Hinn 28. apríl s.l. segir Verkamannafélagið Dagsbrún upp samningunum við Áburðarverksmiðjuna h.f. frá 7. febrúar með svohljóðandi bréfi:

„Hér með segjum vér upp samningum vorum við yður, dags. 7. febrúar 1953. Samningunum er sagt upp frá og með 1. júní 1954.

Samningunum er sagt upp fyrst og fremst til þess að fá gildistíma og uppsagnarákvæðum þeirra breytt á þann veg, að þeir verði uppsegjanlegir hvenær sem er með eins mánaðar fyrirvara.

Vér óskum eftir og erum reiðubúnir til viðræðna við yður um þessar breytingar á samningunum.“

Ekki kom til neinna aðgerða út af uppsögn þessari. Hélt vinna áfram í verksmiðjunni eftir 1. júní á sama hátt og áður, án þess að samið væri á ný, og stendur svo enn. Í júnimánuði s.l. gekk Áburðarverksmiðjan h.f. í Félag ísl. iðnrekenda. Það leiddi svo til þess að upp kom ágreiningur milli félagsins og Iðju, félags verksmiðjufólks, og í sambandi við málssókn út af honum reis ágreiningur milli Áburðarverksmiðjunnar h.f. og Dagsbrúnar um það, hversu háttáð væri samkomulagi því, er varð 16. febrúar þ. á. Taldi Dagsbrún, að það væri í fullu gildi sem kjarasamningur, en á það vildi Áburðarverksmiðjan h.f. ekki fallast. Höfðaði stefnandi þá mál þetta svo sem greint er í upphafi dóms þessa. Eru dómkröfur hans þær,

að dæmt verði, að framangreint samkomulag aðilja máls þessa, dags. 16. febrúar 1954, sé gildur og bindandi vinnusamningur í skilningi laga nr. 80/1938, og að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Stefnandi byggir kröfur sínar í máli þessu á því, að með samkomulaginu 16. febr. þ. á., er ritað var niður af Barða Friðrikssyni, hafi stofnast sjálfstæður kjarasamningur milli Verkamannafélagsins Dagsbrúnar og Áburðarverksmiðjunnar h.f. í skilningi 6. gr. laga nr. 80/1938. Skipti ekki máli þótt samningurinn hafi að vísu ekki verið undirritaður af aðiljum, þar sem hann hafi þó verið færður í letur og aðiljar síðan farið eftir honum í framkvæmd allt til þessa dags.

Stefndi hefur mótmælt þessum skilningi stefnanda. Telur hann, að samkomulagið frá 16. febrúar hafi aðeins verið munnlegt bráðabirgðasamkomulag, meðan verið væri að koma í kring samningum þeim, er þá voru til umræðu milli þeirra aðilja, er þarna áttu hlut að máli. Hafi það alls ekki verið ætlun aðilja, að bindast kjarasamningi, sem fengi sjálfstætt gildi samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 80/1938,

enda sé það fjarri því, að þetta samkomulag geti að eðli né efni talizt slikur samningur. Þá heldur stefnandi því og fram, að enda þótt svo yrði lítið á, að samkomulagið jafngilti venjulegum kjarasamningi, þá væri það aðeins hluti af eða viðbót við kjarasamningana frá 7. febr. 1953 og í þeim tengslum við þá, að uppsögn Verkamannafélagsins Dagsbrúnar á þeim samningum 28. apríl s.l. hefði einnig náð til þess.

Samkomulag það, sem gert var í nóvember f. á., um greiðslu á vaktaskiptavinnunni virðist hafa verið hreint bráðabirgðasamkomulag og aðeins ætlað að gilda til reynslu meðan verið væri að reyna vélar og starfstæki áburðarverksmiðjunnar, enda hlaut gildi þess að byggjast á því, að fyrir hendi væru samningar milli þeirra aðilja, er hlut áttu að máli, þar sem það geymdi hvorki ákvæði um fjárhæð kaups né önnur kjaraákvæði, sem venja er að taka í slíka samninga. Þessar sömu ástæður voru enn fyrir hendi 16. febrúar þ. á. Prófun verksmiðjunnar virðist þá enn ekki lokið og fyrir og eftir nefndan dag fara fram umræður um kaup og kjör almennt og þá ekki sízt, að því er virðist, um það, hvaða kaupi vaktavinnan skuli greidd. Þegar lítið er til framangreindra atriða, þykir varhugavert að ganga út frá því, að það hafi í raun og veru verið ætlun þeirra aðilja, er hlut áttu að umdeildu samkomulagi, að stofna með því til kjarasamnings, sem tæki sjálfstætt gildi og ætti að verða bindandi kjarasamningur milli þeirra með þeim gildistíma og þeim uppsagnarfresti, sem greinir í 6. gr. laga nr. 80/1938. Og þar sem nefnt samkomulag var heldur ekki staðfest skriflega, verður ekki talið, að með því hafi stofnast kjarasamningur í merkingu 6. gr. laga nr. 80/1938, enda þótt framangreindur starfsmaður Vinnuveitendasambandsins færði það í letur.

Samkvæmt þessu ber að sýkna stefnda af kröfu stefnanda í máli þessu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Félag ísl. iðnrekenda vegna Áburðarverk-
smiðjunnar h.f., á að vera sýkn af kröfum stefnanda,
Alþýðusambands Íslands f. h. Verkamannafélagsins
Dagsbrúnar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 9. desember 1954.

Nr. 5/1954.

Iðja, félag verksmiðjufólks

(Ragnar Ólafsson hrl.)

gegn

Félagi ísl. iðnrekenda (Páll S. Pálsson hdl.).

**Varadómari Benedikt Sigurjóns-
son í stað Ísleifs Árnasonar.**

Skýrð ákvæði kjarasamnings um vísitöluálag á ákvæðis-
vinnukaup.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu dags. 4. nóv.
þ. á. af Iðju, félagi verksmiðjufólks gegn Félagi ísl. iðnrek-
enda. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að
skilja beri síðustu málgrein 12. gr. kjarasamnings þess, sem
í gildi var milli málsaðilja frá 31. maí þ. á. til 1. þ. m. svo,
að launþega beri að fá fulla vísitölugreiðslu á ákvæðisvinnu-
laun kvenna og unglinga á allt að kr. 1440.00 í grunnlauna-
greiðslu á mánuði, þó launþeginn hafi ekki unnið fullan
vinnustundafjölda í mánuðinum. Þá krefst stefnandi og
málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostna-
ðar úr hendi hans eftir mati dómsins.

Málavextir eru þessir:

Samkvæmt ákvæðum framangreinds kjarasamnings milli
aðilja máls þessa virðist byggt á því sem meginreglu, að
kaupgreiðslur miðist við starfstíma — mánaðar- eða viku-